


Ársskýrsla 2011



Hagstofa Íslands



Óhlutdrægni
Faglegur metnaður
Trúnaður
Góð þjónusta

Efni

Frá hagstofustjóra	2–5
Skýrsla yfirstjórnar	6–11
Fjármál og rekstur	12–13
Samstarf við notendur	14
Starfsmannamál	15–17
Tölfræði um tölfræði	18–22
Afnot af gögnum	23
Stefnumörkun	24–25
Lög ESB um hagskýrslur	26–27
Skipurit	28–29
Útgáfur 2011	30–31

Útgefandi

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Sími: 528 1000
Netfang: upplýsingar@hagstofa.is
Veffang: www.hagstofa.is

Ábyrgðarmaður

Ólafur Hjálmarsson

Hönnun og umbrot

Hagstofa Íslands/Brynjólfur Ólason

Prentun

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja

Ljósmyndir

Birgir Ísleifur Gunnarsson
Brynjólfur Ólason
Dániel Snær Ragnarsson
Heiðrún Sigurðardóttir
iStockphoto
Snorri Gunnarsson
Þorvaldur Örn Kristmundsson

Forsíðumyndin

Frá Reykjavíkurtjörn
Ljósmyndari: Atli Már Hafsteinsson

Frá hagstofustjóra

Áfram var hagrætt í starfseminni í samræmi við kröfur í fjárlögum

ÁRIÐ 2011 urðu talsverð umskipti í starfi Hagstofunnar eftir samdrátt í starfsemi undanfarin ár. Vinna við gerð manntals hófst og Hagstofan tók að sér hagskýrslugerð um landbúnaðarmál. Bæði verkefnin eru studd af Evrópusambandinu (ESB) með svonefndum IPA-styrkjum, en þeir tengjast umsókn Íslands um aðild að sambandinu. Áfram var hagrætt í starfseminni í samræmi við kröfur í fjárlögum um 9% lækkun rekstrargjalda.

STEFNUMÖRKUN

Lokið var við gerð stefnumörkunar Hagstofunnar fyrir árin 2012 til 2015 og leiddi ráðgjafarfyrirtækið Stjórnhættir það verkefni. Auk þess að leita til notenda unnu starfsmenn í vinnuhópum að stefnumörkuninni og ræddu hlutverk, gildi og framtíðarsýn Hagstofunnar. Sett

voru markmið og mótaðar aðgerðir til að ná þeim fram í samræmi við framtíðarsýnina. Nánar er fjallað um stefnumörkunina í sérstökum kafla síðar í ársskýrslunni. Hluti af stefnumörkuninni felst í að endurskoða verkferla hagskýrslugerðar og er nánar fjallað um það verkefni í ársskýrslu Hagstofunnar fyrir árið 2010.

SAMSKIPTIN VIÐ ESB

Í apríl voru undirritaðir samningar til tveggja ára um IPA-styrk er nam einni milljón evra. Skiptist styrkurinn á milli manntals og landbúnaðartölfræði. Verkefnin voru þegar sett af stað og voru komin á fullan skrið um haustið. Hluti af kostnaðinum við manntalið er borinn uppi af óráðstöfuðu eigin fé Hagstofunnar, en ómögulegt hefði verið að ráðast í verkefnin án styrksins frá ESB.



Undir lok maí og í byrjun júní fóru fram svonefndir rýnifundir í Lúxemborg þar sem fulltrúar stjórnvalda og Hagstofunnar fóru yfir þær kröfur sem gerðar eru til hagskýrslugerðar innan ESB og að hvaða leyti Hagstofan uppfyllir þær kvaðir. Hagskýrslugerð er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og hefur Hagstofan tekið virkan þátt í hagskýrslusamstarfi ESB frá gildistöku hans.

Tvær sendinefndir frá hagstofu ESB, Eurostat, heimsóttu Hagstofu Íslands til að fara yfir hagskýrslugerð hér á landi vegna aðildarumsóknarinnar. Auk þess heimsóttu sendinefndirnar ráðuneyti og aðrar stofnanir sem koma að hagskýrslugerð. Hefur hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, sett sig vel inn í stöðu hagskýrslugerðar á Íslandi og var skipaður sérstakur tengiliður við Hagstofuna vegna umsóknarferlisins. Auk þess hafa aðrar sendinefndir komið frá Eurostat og fjallað um einstök verkefni Hagstofunnar.

Utanríkisráðuneytið hefur haldið utan um samningsafstöðu um hagskýrslugerð, skipulagt rýnifundi og sett sig mjög vel inn í stöðu mála hjá Hagstofunni. Samningsmarkmið stjórnvalda um málaflokkinn voru kynnt fyrir utanríkismálanefnd í desember og afgreidd úr ríkisstjórn í janúar 2012. Áformað er að hefja viðræður um kaflann um mitt ár 2012.

AUKNAR KRÖFUR UM GÆÐI

Miklar umræður hafa verið um gæðamál í hagskýrslugerð í kjölfar þess að upp komu erfið mál gagnvart einu ríkja ESB. Hart var brugðist við og verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð endurskoðaðar, auk þess sem eftirlit Eurostat með hagskýrslugerðinni var aukið. Er áformað að eftirleiðis verði gerð ríkari krafa um að ríkin í hagskýrslusamstarfinu, það er ríki

ESB og EFTA, innleiði verklagsreglurnar og komi á gæðakerfum. Er markmiðið að efla traust á hagskýrslugerð og tryggja að engin önnur sjónarmið en fagleg ráði við vinnslu hagskýrslna.

HLUTLEYSI

Rétt er í þessu sambandi að taka fram að ekki eru dæmi um að stjórnvöld á Íslandi hafi reynt að hafa áhrif á gerð hagskýrslna eða niðurstöður þeirra. Annað veifið hafa komið fram fullyrðingar um að Hagstofa Íslands hafi ekki birt hagskýrslur um tekjujöfnuð, svonefndan GINI-stuðul, vegna þess að það hafi verið óþægilegt fyrir stjórnvöld. Þessar fullyrðingar eiga sér enga stoð í veruleikanum og vega að trúverðugleiki Hagstofunnar og þeirra sérfræðinga sem þar starfa. Hið rétta í málinu er að Hagstofan hefur birt gögn um tekjujöfnuð einu sinni á ári í samræmi við staðla í reglugerðum ESB og ná þau gögn aftur til ársins 2004, eins og hver sem vill getur skoðað á vef Hagstofunnar. Fyrr á árum reiknaði Þjóðhagstofnun út svipaða stuðla og byggðust þeir útreikningar á skattagögnum. Þegar þjóðhagsreikningar voru færðir til Hagstofunnar var þeim útreikningum hætt þar sem þeir voru ósambærilegir aðferðafræði í öðrum ríkjum. Þess í stað var hafin vinna við gerð hagskýrslna um sama efni sem byggist á aðferðafræði ESB og er samanburðarhæf milli ríkja.

Erfitt er fyrir opinberar stofnanir að sitja undir órökstuddum fullyrðingum og geta tæpast svarað þeim án þess að dragast inn í dægurmálaumræðu og hætta því til að verða flokkaðar í ákveðið hólf umræðunnar. Eina svarið sem Hagstofan hefur við slíku er að gefa áfram út eins áreiðanlegar og hlutlausar hagtölur og unnt er miðað við kostnað og þekkingu á hverjum tíma, líkt og gert hefur verið undanfarin 97 ár. ►

Erfitt er fyrir opinberar stofnanir að sitja undir órökstuddum fullyrðingum

Í alþjóðlegu hagskýrslusamstarfi er unnið að því að lækka kostnað og áreiti á heimili og fyrirtæki

FORGANGSRÖÐUN

Stefnumörkun Hagstofunnar, sem spannar árin 2012 til 2015, kemur á sama tíma og Ísland sækir um aðild að ESB og styður við samningsafstöðu stjórnvalda. Eftir talsverðan samdrátt í starfseminni undanfarin ár er stefnt að uppbyggingu í samræmi við framtíðarsýnina. Skilningur stjórnvalda á gildi hagskýrslna við stefnumótun og mælingar á árangri hefur verið mjög mikilvægur stuðningur. Er sama þróun hér á landi og á alþjóðavettvangi að í auknum mæli er litið til fleiri þátta en eingöngu hagvaxtar við mat á árangri. Þannig er aukin áhersla á félagsmálatölfræði og er þungamiðjan í þeirri vinnu svonefnd lífskjararannsókn og vinnumarkaðsrannsókn sem gerð er hér á landi og í ríkjum Evrópu. Til að standast þær kröfur sem gerðar eru í hagskýrslusamstarfi Evrópu er lögð aukin áhersla á gæði og að framleiða þá tölfræði sem notendur, stjórnvöld og alþjóðastofnanir telja nauðsynlega. Samhliða því fer fram umræða um forgangsröðun verkefna, því að takmarkað fé er til ráðstöfunar. Við þá forgangsröðun þarf að líta til lengri tíma en stefnumörkunin nær yfir formlega.

FRAMTÍÐARSÝN

Hagstofa Íslands gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og hefur frumkvæði að samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki. Hún er í fararbroddi við samhæfingu upplýsingakerfa í hagskýrslugerð með það að markmiði að einfalda söfnun gagna og draga úr svarbyrði. Lögð er áhersla á góða þjónustu, gæði og skilvirkni til að mæta vaxandi kröfum á innlendum jafnt sem alþjóðlegum vettvangi. Lögð er áhersla á rafræna miðlun upplýsinga og notendavæna framsetningu þeirra. Þá er lögð áhersla á að taka virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og standast þær

kröfur sem þar eru gerðar. Loks er það metnaður Hagstofunnar að bjóða starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi, faglegar áskoranir og stuðning við að þeir geti viðhaldið og bætt þekkingu sína.

JAFN OG OPINN AÐGANGUR

Segja má að upplýsingar og auðvelt aðgengi að þeim hafi gerbreytt samfélaginu á undanförnum áratugum. Tölfræðilegar upplýsingar unnar úr gögnum sem safnað er eftir viðurkenndri aðferðafræði eru mikilvægur hluti upplýsingaaldar. Er því mikilvægt að tryggður sé jafn og opinn aðgangur að hlutlausum upplýsingum um lykilþætti efnahagslífs og samfélags. Sífelldu eru kröfur um nýjar upplýsingar og að þær birtist fyrir og úrvinnslutími styttest. Ekki er unnt að verða við þeim kröfum án þess að sækja upplýsingar til heimila, fyrirtækja og stofnana. Í alþjóðlegu hagskýrslusamstarfi er unnið að því að lækka kostnað og áreiti á heimili og fyrirtæki með því að nota opinberar skrár og stjórnvaldsupplýsingar eins og kostur er.

MANNTAL

Á Íslandi eru til vandaðar skrár sem ná yfir allt landið sem auðvelda slíkar lausnir. Má nefna sem gott dæmi gerð manntals sem nú er að mestu unnið úr opinberum skráum. Þar njótum við þess að hafa góða þjóðskrá með upplýsingum um búsetu landsmanna og mjög ýtarlega fasteignaskrá af góðum gæðum sem kostar mikið að viðhalda, en skilar mikilvægum upplýsingum sem spara ómælda vinnu. Góð samvinna við Þjóðskrár Íslands við gerð manntalsins sparar þannig mikla fjármuni beint og óbeint með minna áreiti á heimilin í landinu.

Árlegur fundur hagstofustjóra Norðurlanda var haldinn í Ilulissat á Grænlandi 3.–4. september. Næsti fundur er fyrirhugaður í Reykjavík.

Áætlað er að kostnaður við manntalið verði innan við 200 milljónir króna. Ef gert hefði verið hefðbundið manntal með því að ganga í hvert hús hefði kostnaðurinn vart orðið innan við einn milljarður króna. Til að styðja við manntalið hefur einnig verið nauðsynlegt að leita til sveitarfélaga, leigufélaga og stofnana til að afla nánari upplýsinga. Er þeim þökkud góð samvinna við gerð manntalsins.

ÞAKKIR

Þrátt fyrir góðan aðgang að opinberum skráum er nauðsynlegt að afla upplýsinga beint frá heimilum og fyrirtækjum og er það gert með könnunum um síma eða um netið. Vegna smæðar þjóðarinnar eru meiri líkur á að fólk eða fyrirtæki lendi í úrtaki hér á landi en hjá stærri þjóðum. Stafar það af því að gerðar eru kröfur um lágmarksstærðir úrtaka við rannsóknir til að ná fram tölfræðilega

viðunandi niðurstöðu. Hefur það einnig þann ókost í för með sér að hlutfallslega er dýrara að gera slíkar rannsóknir hér á landi en í stærri ríkjum. Án velvilja einstaklinga og fyrirtækja við að svara fyrirspurnum Hagstofunnar væri hagskýrslugerð fátækleg.

Hagstofan þakkar þeim fjölmörgu sem hafa gefið af tíma sínum og svarað könnunum. Hagstofan þakkar einnig þeim notendum hagtalna sem hafa komið á framfæri gagnlegum ábendingum bæði með setu í notendahópum og sem almennir notendur hagskýrslna. ■



Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri

Án velvilja einstaklinga og fyrirtækja við að svara fyrirspurnum væri hagskýrslugerð fátækleg



Skýrsla yfirstjórnar

Styrkir ESB gerðu sérfræðingum Hagstofunnar aftur kleift að sækja fundi um hagskýrslugerð

STARFSEMIN árið 2011 mótaðist mjög af umsókn Íslands um aðild að Evrópu-sambandinu og varði yfirstjórn miklum tíma í að undirbúa rýnifundi og heim-sóknir frá framkvæmdastjórninni. Einnig fór talsverð vinna í að undirbúa umsóknir um IPA-styrki, gera samninga um þá og í kjölfarið hrinda af stað stórum sem smáum verkefnum með það að markmiði að uppfylla kröfur evrópska hagskýrslu-samstarfsins. Styrkir frá Evrópusambandinu gerðu sérfræðingum Hagstofunnar aftur kleift að sækja fundi um hagskýrslugerð og fylgjast með og hafa áhrif á þróun reglugerða og staðla. Urðu því mikil umskipti í starfinu seinni hluta ársins.

Starfsfólki var fjölgað til að vinna að manntali og landbúnaðartölfræði, auk þess að sinna þurfti upplýsingatækni-málum og gagnaöflun fyrir þau verk-efni. Var því aukning á starfsemi allra sviða Hagstofunnar eftir samfelldan samdrátt frá haustinu 2008. Þrátt fyrir vöxt tiltekinna verkefna þurfti áfram að draga saman í þeirri starfsemi sem fyrir var í samræmi við forsendur fjárlaga um lækkun útgjalda. Hefur því verið unnið að endurskoðun verkferla og fyrirkomulagi verkefna og hluti af þeirri vinnu er samþykkt stefnumörkunar Hagstofunnar fyrir árin 2012–2015. Er nánari grein gerð fyrir helstu verkefnum hér á eftir.

21 FUNDUR

Í yfirstjórn Hagstofunnar eru auk hagstofustjóra Magnús S. Magnússon, staðgengill hagstofustjóra og sviðs-stjóri félagsmálasviðs, Hólmfríður Gísladóttir, fjármálastjóri, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs, Ólafur Arnar Þórðarson, starfsmannastjóri og Rósmundur Guðnason, sviðsstjóri efnahagssviðs. Alls hélt yfirstjórn 21 fund á árinu.

HAGRÆÐING Í STARFSEMI

Í fjárlögum fyrir árið 2011 voru fjárveit-ingar til Hagstofu Íslands lækkaðar um 9% frá fyrra ári og kom það til viðbótar 10% lækkun fjárveitinga árið 2010. Gripið var til ýmiss konar aðgerða til að mæta lækkun fjárveitinga, auk þess sem aðgerðir sem gripið var til árin tvö á undan skiluðu sér í lækkun útgjalda. Ekki var ráðið í störf sem losnuðu, starfs-menn voru fluttir milli verkefna og sumir minnkuðu að eigin frumkvæði við sig starfshlutfall. Dregið var úr prentun, svo sem leiðbeininga með könnunum, farið yfir gagnaöflun, skipulagi deilda breytt o.fl. Í fjáráukalögum fyrir árið 2011 varð veruleg breyting á starfsemi vegna IPA-styrkja Evrópusambands-ins til Hagstofunnar til að gera manntal og taka við landbúnaðartölfræði. Færast styrkirnir á tekjuhlíð fjárlaga, en jafnhá fjárheimild er færð til Hagstofunnar á gjaldahlið fjárlaga. Sköpuðu þau verkefni svigrúm til að flytja starfsmenn úr öðrum verkefnum, en eftir sem áður þurfti að hagræða í þeirri starfsemi sem fyrir var. Nánar er fjallað um fjármál á bls. 12–13.

SAMNINGUR UM IPA-STYRK UNDIRRITAÐUR

Í apríl var undirritaður IPA-styrkur frá Evrópusambandinu til að gera mann-tal og framleiða landbúnaðartölfræði. Nam styrkurinn einni milljón evra eða um 160 milljónum króna miðað við gengi ársins 2011 og skiptist á þrjú ár. Þar af voru um rúmlega 100 milljónir króna til manntals og tæplega 60 milljónir vegna landbúnaðartölfræði. Hafist var handa af fullum krafti við bæði þessi verkefni á árinu, enda miðast manntalið við árslok 2011. Ef ekki hefði komið til styrks-ins hefði ekki verið unnt að gera mann-tal hér á landi vegna fjárskorts og Ísland hefði þá verið eitt fárra ríkja í heimin-um sem ekki gerði manntal í samræmi við tilmæli Sameinuðu þjóðanna.



EVROPSKA
HAGSKÝRSLU-
SAMSTARFIÐ



Yfirstjórn Hagstofu Íslands. Frá vinstri: Ólafur Arnar Pórðarson, Magnús S. Magnússon, Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Ólafur Hjálmarsson, Hólmfríður Gísladóttir og Rósmundur Guðnason.

SÓTT UM FREKARI STYRKI

Hagstofan hefur sótt um frekari IPA-styrki til Evrópusambandsins með það að markmiði að standa við skuldbindingar um hagskýrslugerð í EES-samningnum og kröfur vegna aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Annars vegar hefur verið sótt um styrk til að gera endurbætur á þjóðhagsreikningum og hins vegar til að koma á fót fyrirtækjaskrá til hagskýrslugerðar til að framleiða hagskýrslur um fyrirtæki og skammtímatölfræði. Talsverður tími hefur farið í að skilgreina verkefnið og fylgja þeim eftir af hálfu Hagstofunnar og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

VERKBÓKHOLD

Snemma á árinu var tekið upp verkþókhald sem tengist vinnustund sem er kerfi sem heldur utan um vinnutíma starfsmanna. Lögð var áhersla á að halda verkefnum fáum og vel skilgreindum. Auk þess að skrá vinnu við einstök hagskýrsluverkefni er verkþókhaldið miðað við að skrá verkefni í samræmi við

verkferlalíkan í hagskýrslugerð. Gefur verkþókhaldið yfirsýn yfir umfang og kostnað við einstök hagskýrsluverkefni og er nauðsynlegur liður í að fylgjast með vinnuframlagi vegna verkefna sem styrkt eru af Evrópusambandinu.

REGLUGERÐ UM GJALDSKRÁ FYRIR VEITTA ÞJÓNUSTU

Almennt eru hagskýrslur kostaðar af skattfé og birtar á vefnum án þess að notandi greiði fyrir aðgang að þeim. Einnig er hagskýrslum miðlað áfram á öðrum vefjum endurgjaldslaust. Öðru máli gegnir ef unnar eru sérstakar skýrslur fyrir aðila vegna rannsóknarverkefna eða annarra þarfa. Er þá almennt tekið tímagjald fyrir verkefnið eða vinnslu gagna úr skrá. Um þá vinnu gilda sömu ákvæði um trúnaðarskyldu og gilda um aðrar hagtölur. Til að samræma gjaldtökuna gaf efnahags- og viðskiptaráðuneytið út reglugerð um gjaldskrá vegna þjónustu Hagstofu Íslands. ►

Aukning var á starfsemi allra sviða Hagstofunnar eftir samfelldan samdrátt frá haustinu 2008



①



②



③

① Þórunn Guðmundsdóttir í mannfjölda- og manntalsdeild gekk frá dánarvottorðum heillar aldar (1911–2011) til varðveislu hjá Þjóðskjalasafni Íslands í tilefni þess að skráning dánarvottorða var flutt frá Hagstofu til Landlæknis á árinu. ② Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, og Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri undirrituðu samning milli stofnananna 30. maí. ③ Yfirstjórn fundaði með Torbioern Carlquist, fulltrúa Eurostat, 24. maí. Carlquist er tengiliður um tölfræðitengd málefni Evrópuumsóknarferlis Íslands.

Geta Hagstofunnar til að auka framleiðsluna eru komin að endamörkum

RÝNIFUNDIR

Haldnir voru svonefndir rýnifundir 2. maí og 6.–7. júní þar sem farið var yfir þær kröfur sem gerðar eru um hagskýrslugerð í lagasafni Evrópusambandsins. Flestar reglugerðir sambandsins um hagskýrslur gilda hér á landi og eru hluti af EES-samningnum. Þrátt fyrir það hefur gengið hægt að framkvæma þær vegna skorts á mannafla og fé. Á fyrri fundinum skýrði framkvæmdastjórnin frá því hvaða kröfur Ísland þyrfti að uppfylla. Í þeirri yfirferð var einkum leitast við að greina nýjar skuldbindingar sem féllu til við aðild og á hvaða sviðum ekki var skilað hagskýrslum þrátt fyrir skuldbindingar í EES-samningnum. Á seinni fundinum fóru íslensk stjórnvöld yfir stöðu hagskýrslugerðar hér á landi miðað við það sem fram kom á fyrri fundinum og til hvaða úrbóta þurfi að grípa til að hagskýrslugerð verði í samræmi við lagasafn Evrópusambandsins.

FRAMVINDUSKÝRSLA

Í október skilaði framkvæmdastjórnin skýrslu til Evrópuþingsins. Í henni er sagt að árangur hafi náðst í íslenskri hagskýrslugerð. Bæta þurfi framleiðslu og skil á hagskýrslum í samræmi við kröfur, einkum er varðar þjóðhagsreikninga, fyrirtækjatölfræði, vinnumarkað og landbúnaðarmál. Geta Hagstofunnar til að auka

framleiðsluna sé komin að endamörkum og áhyggjum valdi hvort nægum aðföngum sé veitt til hagskýrslugerðar.

HEIMSÓKN EUROSTAT

Niðurstöður sendinefndar frá Eurostat, sem heimsótti Hagstofuna, ráðuneyti og stofnanir, voru birtar í skýrslu 27. september. Helstu niðurstöður voru að leggja til að Hagstofan gerði aðgerðaráætlun um hvernig staðið yrði við skuldbindingar um hagskýrslugerð. Lagt var til að reglugerðir Evrópusambandsins um hagskýrslugerð fái sömu meðferð í stjórnsýslunni og við fjárlagagerð og aðrar sambærilegar Evrópugerðir, það er að gert sé kostnaðarmat og að útgjöld séu skuldbundin. Lárétt samhæfing í hagskýrslugerð á Íslandi þarfnist úrbóta, það er samræming milli þeirra stofnana sem koma að opinberri hagskýrslugerð. Lagt var til að stofnuð yrði opinber hagskýrslunefnd eða annar sambærilegur vettvangur til að Hagstofa Íslands geti samræmt vinnu annarra sem eru hluti af opinberri hagskýrslugerð. Mönnun á Hagstofu Íslands sé mjög brothætt og geti þess vegna valdið stöðvun eða töfum á hagskýrslugerð við fjarveru starfsmanna eða við að þeir hætti störfum. Eurostat þurfi að gera samanburð á aðföngum og mönnun Hagstofunnar við aðrar litlar hagstofur.



④ Daniel Goldberg (fyrir miðju), frá upplýsingadeild svissnesku hagstofunnar, kom og fundaði með Björgvini Sigurðssyni og Þorbjörgu Magnúsdóttur í upplýsingatækni og miðlun 3. október. ⑤ Hinn 19. apríl var undirritaður samningur við Eurostat um styrk vegna manntals og landbúnaðartölfræði að fjárhæð rúmlega 150 milljónir króna. Á myndinni eru Hrafnhildur Arnkelsdóttir, Ólafur Hjálmarsson, Hólmfríður Gísladóttir og Ólafur Arnar Þórðarson.

SAMNINGSASFSTAÐA OG AÐGERÐARÁÆTLUN

Á árinu vann utanríkisráðuneytið samningsafstöðu stjórnvalda vegna 18. kafla um hagskýrslur. Var samningsafstaðan, ásamt aðgerðaráætlun um hvernig umbótum í hagskýrslugerð verði hrint í framkvæmd á næstu árum, kynnt utanríkismálanefnd í desember. Áformað er að kaflinn verði opnaður um mitt ár 2012. Gott samráð var haft við Hagstofuna við gerð samningsafstöðunnar og settu embættismenn utanríkisráðuneytisins sig vel inn í hagskýrslumál.

LANDBÚNAÐARTÖLFRÆÐI

Á árinu var hafin söfnun og úrvinnsla hagtalna um landbúnaðarmál og haft um það gott samráð við þá sem málið snerta. Ráðnir voru þrír starfsmenn til verkefnisins, tveir í vísitöludeild og einn í þjóðhagsreikningadeild. Framgangur verkefnisins hefur gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir og voru fyrstu gögnin send Eurostat í upphafi árs 2012. Einnig var ráðist í gerð rannsóknar á framleiðsluskipan í landbúnaði og voru sendar fyrirspurnir til 3.200 framleiðenda í landbúnaði. Svörun var mjög góð eða 72% og var unnið að úrvinnslu rannsóknarinnar í framleiðslu- og fyrirtækjadeild. Niðurstöðurnar verða sendar Eurostat í samræmi við kröfur þar um í mars 2012.

MANNTAL

Eftir að fjármögnun manntals hafði verið tryggð með IPA-styrk frá Evrópusambandinu og Hagstofunni veitt heimild til að nota ónýttar fjárveitingar frá fyrri árum til verksins var það sett á fullan skrið. Mann talið miðast við desember 2011 og var gott samstarf við Þjóðskrá Íslands um að fá útbúin gögn úr Þjóðskrá og fasteignaskrá til að gera manntalið. Auk upplýsinga um heimili og húsnæði verða í manntalinu upplýsingar um menntun, starf o.fl. Þar sem um skráarbundið manntal er að ræða er mikilvægur hluti þess fólgin í uppsetningu gagnagrunna og að koma upp nauðsynlegum skráum til að vinna manntalið. Ráðnir voru tveir sérfræðingar í upplýsingatæknideild vegna manntalsins, einn sérfræðingur í mannfjölda- og manntalsdeild og einn í atvinnu- og félagsmáladeild. Auk þess hafa starfsmenn mannfjölda- og manntalsdeildar unnið að verkefninu, svo og sérfræðingar í öðrum deildum Hagstofunnar. Alls var 10.700 vinnustundum varið í manntalið á árinu. Áætlað er að fyrstu niðurstöður verði birtar árið 2013 og að lokaniðurstöðum verði skilað Eurostat í ársbyrjun 2014.

KERFISVILLA Í BYGGINGARVÍSITÖLU

Í apríl uppgötvaðist kerfisvilla við útreikning byggingarvísitölu sem fólst í því að breytingar á launakostnaði voru lesnar inn í reiknilíkan með röngum hætti. ►

Á árinu var hafin söfnun og úrvinnsla hagtalna um landbúnaðarmál



❶ Fundað var með fulltrúum Eurostat og sendinefnd ESB hér á landi 19. september. Á myndinni eru frá vinstri: Ólafur Arnar Þórðarson, Ólafur Hjálmarsson, Helen Larsson, frá sendinefnd Evrópusambandsins, Pieter Everaers, yfirmaður hjá Eurostat, og Rósmundur Guðnason. ❷ Frá fyrsta fundi um manntal 2011 sem haldinn var á Hagstofunni 19. maí með þeim starfsmönnum sem vinna að verkefninu.



Hagstofunni var falið að safna upplýsingum í gagnagrunn um skuldir heimila og fyrirtækja

Í samræmi við verklagsreglur í evrópskri hagskýrslugerð var þegar brugðist við og gefin út fréttatilkynning um að villa hefði komið upp og boðað að unnið væri að lagfæringu og útreikningi vísitölu til viðmiðunar fyrir það tímabil sem lá undir. Á Hagstofunni fer fram viðamikil söfnun og úrvinnsla gagna og er birt nær daglega frétt eða uppfærsla í töflum um hagtölur. Ekki er unnt að koma í veg fyrir að uppkomi villur þótt allt sé gert til að tryggja að það gerist ekki. Það sem var óvenjulegt með byggingarvísitöluna var að villan hafði verið í forritinu um nokkurra mánaða skeið þannig að hún hafði safnast upp í vísitölunni. Auk þess hafði villan áhrif á marga samninga sem taka breytingum samkvæmt byggingarvísitölu, svo sem leigusamninga og verksamninga. Var því fundað með helstu notendum og málið skýrt fyrir þeim. Eftir að leiðrétting hafði verið gerð, sem var 3,6% og kom inn í maívísitöluna, var gripið til ýmissa aðgerða til að bæta gæðaeftirlit, svo sem með endurskoðun verkferla og bættu innra eftirliti.

ATVINNUGREINAFLOKKUN Í ÞJÓÐHAGSREIKNINGUM

Íslensk atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008, er fimm stafa kerfi sem beita skal í hagskýrslugerð til að flokka atvinnustarfsemi í atvinnugreinar. Árið 2011 var hún tekin

í notkun í þjóðhagsreikningum á Íslandi og í Evrópu. Stóð undirbúningur verksins yfir í nokkurn tíma og var fyrsta birting gagna eftir nýju flokkuninni í september. Þessi breyting var gerð á sama tíma í öllum EES-ríkjum og styrkti Eurostat Hagstofuna við verkefnið.

MÆLINGAR Á FERÐAÞJÓNUSTU Í UTANRÍKISVERSLUN

Alþjóðlegur fundur um mælingu á ferðaþjónustu í utanríkisverslun var haldinn 22.–23. september á Hagstofunni. Þátttakendur voru um 30 frá 21 Evrópuríki, Eurostat og Japan. Fimm fulltrúar Hagstofunnar tóku þátt í fundinum. Efni fundarins var fjölbreytt og þar kynnti Hagstofan notkun sína á kortagögnum og tengsl hliðarreiðinga ferðaþjónustu við utanríkisverslun.

VINNUHÓPUR UM SKULDIR HEIMILA OG FYRIRTÆKJA

Hagstofan tók þátt í starfi vinnuhóps efnahags- og viðskiptaráðuneytisins um upplýsingaöflun um skuldir heimila og fyrirtækja. Auk ráðuneytisins og Hagstofu áttu Seðlabankinn og Fjármálaráðuneytið aðild að vinnuhópnum. Í framhaldi af tillögum hópsins var veitt fjárveiting til Hagstofunnar við aðra umræðu fjárlaga 2012. Var Hagstofunni

falið að safna upplýsingum í gagna-grunn um skuldir heimila og fyrirtækja.

DÁNARMEINASKRÁ FLUTT

Með breytingum á lögum um dánarvottorð var skráning dánarmeina flutt frá Hagstofu Íslands til Landlæknis. Eðlilegt er talið að verkefnið verði hjá Landlækni eins og aðrar sjúkraskrár og skráning sjúkdóma. Lauk þar með um eitt hundrað ára sögu skráningar dánarvottorða hjá Hagstofunni, en stofnunin hefur séð um skráninguna frá árinu 1914. Hefur Hagstofan gengið frá dánarvottorðum árunna 1911 til 2011 til varðveislu hjá Þjóðskjalasafni Íslands.

SAMNINGUR VIÐ LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

Í lok maí var undirritaður samstarfs-samningur við Landmælingar Íslands um landupplýsingar og hagtölur. Markmiðið með samningnum er að auka samstarf aðila við að nýta kort og önnur landfræðileg gögn til að birta og túlka

tölfræðilegar upplýsingar um Ísland og íslenskt samfélag. Einnig að auka upplýsingaöflun til almennings á vefnum og að auðvelda lestur flókinna tölfræðiupp-lýsinga með því að birta þær á kortum.

STEFNUMÖRKUN

Í nóvember var stefnumörkun Hagstofunnar fyrir árin 2012 til 2015 formlega samþykkt í yfirstjórn og kynnt á starfsmannafundi 1. desember. Vinna við stefnumörkunina hafði þá staðið í eitt og hálft ár með hléum og höfðu starfsmenn komið að gerð hennar á öllum stigum. Ráðgjafafyrirtækið Stjórnhættir hélt utan um verkefnið og sá um að stjórna fundum. Unnið var í vinnuhópum og fundað með starfsmönnum, auk þess sem leitað var til notenda hagtalna um ráðgjöf og ábendingar. Er öllum er komu að stefnumörkuninni þakkað fyrir góðar undirtektir og þá vinnu sem lögð var í að móta stefnuna. Nánar er fjallað um stefnumörkunina á bls. 24–25. ■

Aldarlangri sögu skráningar dánarvottorða lauk hjá Hagstofunni á árinu



Alþjóðlegur fundur um mælingu á ferðaþjónustu í utanríkisverslun var haldinn 22.–23. september á Hagstofunni. Þátttakendur voru 30 frá 21 Evrópuríki, Eurostat og Japan. Efni fundarins var fjölbreytt og kynntu fulltrúar Hagstofunnar m.a. notkun kortagagna og samanburð hliðarreikninga ferðaþjónustu við utanríkisverslun.

Fjármál og rekstur

Tekjur hækkuðu um 7,3% á milli ára vegna aukinna verkefna

HEILDARTEKJUR Hagstofunnar árið 2011 voru 861,4 milljónir króna, þar af voru framlög úr ríkissjóði 736,1 milljón og sértekjur 125,3 milljónir. Tekjur hækkuðu um 7,3% á milli ára, en það skýrist fyrst og fremst af auknum verkefnum á árinu.


Í apríl 2011 var undirritaður samningur við Evrópusambandið um IPA-styrk til tveggja ára í tengslum við aðildarumsókn Íslands. Samningurinn er um gerð manntals 2011 og landbúnaðartölfræði. Samkvæmt samningnum fær Hagstofan styrk að upphæð eina milljón evra til þessara verkefna, þar af 66 milljónir króna á árinu 2011. Hagstofan skuldbindur sig í staðinn til að leggja fram mótframlag og skila hagtölum í samræmi við ákvæði samningsins innan tiltekins tíma. Styrkurinn er færður á tekjuhlið fjárlaga, en fjárheimild jafnhá styrknum var veitt Hagstofunni í fjárukalögum. Til að standa undir mótframlagi fékk Hagstofan heimild til að ganga á óráðstafað eigið

fé. Á árinu var komið á verkbókhaldi sem mun halda betur utan um vinnuframlag starfsmanna við þau verkefni sem styrkt eru og önnur verkefni Hagstofunnar. Við það fæst mun betri yfirsýn yfir kostnað við einstök verkefni.


SÉRTEKJUR

Af 125,3 milljóna sértekjum voru 47,9 milljónir króna vegna þjónustusamnings við Kjararannsóknarnefnd og 12,5 milljónir vegna þjónustusamnings við Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Seld sérfræðiþjónusta nam átta milljónum króna, styrkir frá erlendum aðilum voru 40,7 milljónir, IPA-ferðastyrkur 14,7 milljónir og sala hagskýrsla 0,7 milljónir. Loks voru aðrar tekjur 0,8 milljónir króna. Sértekjur hækkuðu um 33,5 milljónir króna frá fyrra ári, einkum vegna aukinna verkefna og ferðastyrks Evrópusambandsins. Í ársbyrjun var innheimta tekna fyrir þjónustu samræmd

TEKJUR



TEKJUR OG GJÖLD, MILLJÓNIR KRÓNA



í samræmi við reglugerð um greiðslu fyrir þjónustu Hagstofunnar. Sértekjur urðu 58,2 milljónum króna hærri en áætlun fjárlaga, en það skýrist aðallega af auknum verkefnum og ferðastyrk sem samningar náðust um árið 2011.

REKSTRARGJÖLD

Heildargjöld árið 2011 námu 875,9 milljónum króna og hækkuðu um tæplega 92 milljónir á milli ára eða 11,7%. Gerð var 64 milljóna króna hagræðingarkrafa til Hagstofunnar, en á móti hækkuðu útgjöld í fjárukalögum um 66 milljónir króna vegna nýrra verkefna, launa- og verðlagsbætur fjárlaga voru samtals 22,5 milljónir. Þá hækkuðu útgjöld um 33 milljónir króna vegna aukinna sértekna og heimilað var að ganga á eigið fé frá fyrri árum til að fjármagna mann- tal. Launakostnaður var 659,7 milljónir króna og önnur rekstrargjöld 216 milljónir króna. Af öðrum rekstrargjöldum

er húsnæðiskostnaður 86,2 milljónir og tölvu- og kerfisfræðiþjónusta 10 milljónir.

GENGIÐ Á EIGIÐ FÉ

Heildarútgjöld ársins voru 72,7 milljónir króna umfram tekjur samkvæmt fjárlögum og fjárukalögum. Á móti kemur að sértekjur voru 58,2 milljónir króna umfram áætlun fjárlaga og verður því gengið á uppsafnað eigið fé er nemur 14,5 milljónum. Er það í samræmi við heimildir í fjárukalögum.


Eins og greint hefur verið frá í fyrri árs- skýrslum hefur skipulega verið staðið að sparnaðaraðgerðum undanfarin ár. Í árslok 2010 nam óráðstafað eigið fé 97,4 milljónum króna. Áformað er að ráðstafa því á árunum 2011–2013 sem móttframlagi við styrki Evrópusambands- ins til að gera manntal og koma á fót fyrirtækjatölfræði. Eigið fé í árslok 2011 nam 82,8 milljónum króna. ■

Skipulega hefur verið staðið að sparnaðar- aðgerðum undanfarin ár

REKSTRARREIKNINGUR

Milljónir króna	2010	2011
Tekjur		
Alls	803,4	861,4
Framlag úr ríkissjóði	711,6	736,1
Sértekjur	91,8	125,3
Gjöld		
Alls	784,1	875,9
Laun	596,3	659,7
Ferðakostnaður, námskeið, fundir	26,8	37,9
Rekstur	12,5	13,2
Þjónusta	56,4	68,0
Verkkaup	1,6	3,2
Húsnæðiskostnaður	83,0	86,3
Eignakaup	7,4	7,6
Tekjuafgangur/halli	19,3	-14,5

GJÖLD



Samstarf við notendur

Hagstofan kannar reglulega viðhorf notenda

NOKKRAR ráðgjafarnefndir og notendahópar starfa í tengslum við Hagstofu Íslands, ýmist samkvæmt lögum, samningum eða að ósk Hagstofunnar. Virkt samráð við notendur er í samræmi við verklagsreglur í hagskýrslugerð og lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð nr. 163/2007. Hagstofan kannar reglulega viðhorf notenda og birtingaráætlun tryggir jafnan aðgang þeirra að hagtölum á fyrirfram ákveðnum dagsetningum.

VÍSITALA NEYSLUVERÐS

Ráðgjafarnefnd um vísitölu neysluverðs starfar samkvæmt lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og skal hún vera Hagstofunni til ráðgjafar um gerð vísitölnnar og fylgjast með reglubundnum útreikningi hennar. Ráðgjafarnefndin hittist mánaðarlega árið 2011 í tengslum við birtingar á vísitölu neysluverðs.

VERÐVÍSITÖLUR

Notendahópur um verðvísitölur hefur starfað frá árinu 2005 og er markmið hans að kynna það helsta sem fram fer á sviði verðvísitalna á Hagstofunni og fá frá notendum sjónarmið, ábendingar og gagnrýni. Starfsemi notendahópsins nær til allra verðvísitalna sem Hagstofan reiknar og gefur út. Notendahópurinn hittist einu sinni árið 2011 og meðal þess sem rætt var á fundinum var athugun Hagstofu á áhrifum þess að nota mismunandi vogir við útreikning á vísitölu neysluverðs.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Notendahópur um þjóðhagsreikninga hóf störf í ársbyrjun 2005 en markmiðið með starfi hópsins er að fá ábendingar frá notendum og ræða framsetningu á efni þjóðhagsreikninga, ábendingar um efni sem notendum finnst helst vanta eða vera ofaukið og fleira. Hópurinn hittist tvisvar árið 2011 og var aðalumræðuefnið

á fyrri fundinum mat á tekjum fyrir ferðaþjónustu, ferðaþjónustureikningar (TSA) og á seinni fundinum var fjallað um gerð fjármálareikninga.

KJARARANNSÓKNARNEFND

Tveir samstarfssamningar um launarannsóknir og aðrar vinnumarkaðsrannsóknir eru í gildi, annars vegar á milli Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar frá árinu 2004 og hins vegar á milli Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna frá árinu 2009. Samkvæmt samningunum skal halda fund árlega þar sem farið er yfir samstarfið, auk þess sem sérstök ráðgjafarnefnd sérfræðinga starfar með Hagstofunni í samræmi við samningana. Á árinu 2011 var nokkuð samstarf í vinnuhópum um ýmis mál er varða kjararannsóknir. Þá vann Hagstofan umfangsmiklar sérkeyrslur fyrir aðila vinnumarkaðarins á árinu, en í samningunum er kveðið á um að hún annist sérkeyrslur úr launarannsknum í aðdraganda og við gerð kjarasamninga.

BIRTINGARÁÆTLUN

Hagstofan gerir birtingaráætlun heilt almanaksár og gefur hana út í nóvember ár hvert. Á henni eru fastar dagsetningar fyrir verðtryggingarvísitölur, launavísitölu (þar með talda vísitölu greiðslujöfnunar), svo og hagtölur um landsframleiðslu, vinnumarkað og utanríkisverslun. Annað efni er fært á birtingaráætlunina í lotum. Hver lota er tveir heilir almanaks mánuðir, núverandi og næsti. Dagsetningar eru því fullgildar tvo mánuði fram í tímann á birtingaráætluninni en aðrar dagsetningar geta tekið breytingum. Reynist óhjákvæmilegt að víkja frá fastri dagsetningu sem fellur undir lotu gefur Hagstofan út fréttatilkynningu um það. Hagstofan birtir öllum notendum sínum efni sitt samtímis kl. 9.00 að morgni. ■

Starfsmannamál


Við Hagstofuna störfuðu 93 fastráðnir starfsmenn í lok árs 2011 og skiluðu samtals 90 ársverkum. Það er um 15% aukning frá árinu áður og er starfsmannafjöldi á Hagstofunni orðinn svipaður og hann var árið 2008. Meðalaldur starfsmanna var rúm 44 ár og höfðu þeir starfað að meðaltali í rúm 7,5 ár hjá stofnuninni. Nokkrar breytingar voru í starfsmannamálum á árinu. Átta starfsmenn hættu störfum og fimmtán nýir hófu störf. Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu hjá Hagstofunni á árinu 75 lausráðnir spýrlar sem unnu alls um 7,9 ársverk við innsöfnun gagna.

VINNUSTAÐARKÖNNUN


Hagstofan tók þátt í vinnustaðarkönnun Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) en það var jafnframt í fyrsta sinn sem könnunin náði til allra ríkisstarfsmanna. Svarhlutfall Hagstofunnar var 78% sem telja verður gott. Helstu niðurstöður voru þær að starfsandi, vinnuskilyrði og sveigjanleiki í starfi voru yfir meðaltali hjá Hagstofunni en ánægja með launakjör var undir meðaltali. ►

Meðalaldur starfsmanna var rúm 44 ár

FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR STARFI OG KYNI



FJÖLDI STARFSMANNA EFTIR MENNTUN OG KYNI



Fastir liðir í félagslífi starfsmanna voru að venju vel sóttir


FRÆÐSLA

Innra fræðslustarf var nokkru minna en undanfarin ár en á móti jókst þátttaka starfsmanna í evrópskum námskeiðum um hagskýrslugerð. Munaði þar miklu um styrki frá Evrópusambandinu til að standa undir námsferðum og vinnufundum sérfræðinga. Áframhald varð á kynningum innanhúss á einstökum verkefnum og áhugaverðum niðurstöðum úr rannsóknum Hagstofunnar, auk kynninga á deildum og helstu verkefnum þeirra.

ÖFLUGT FÉLAGSLÍF

Starfsmannafélag Hagstofunnar hélt uppi öflugum félagslífi og leitaðist við að efla samstarf og samkennd meðal starfsfólks. Námskeið í hjólaferni var haldið í upphafi átakins „hjólað í vinnuna“, en um helmingur hagstofustarfsmanna tók þátt í átakinu. Hefðbundnir viðburðir, svo sem árhátíð, haustferð og vorhátíð, þóttu takast vel. Á vorhátíð Hagstofunnar fengu starfsmenn leiðsögn um tónlistarhúsið Hörpu auk þess að haldin var ljósmyndasamkeppni þar sem útgáfur Hagstofunnar voru settar í nýtt samhengi.

MEDALSTARFSALDUR EFTIR STARFI



Starfsmenn fjölmenntu í sjósund í Nauthólsvík 10. júní.



75 lausráðnir spýrlar sóttu námskeið í febrúar.

Þá var góð þátttaka starfsmanna og fjölskyldna þeirra í álfagöngu um Hellisgerði í Hafnarfirði og næsta nágrenni undir leiðsögn Sigurbjargar Karlsdóttur, starfsmanns Hagstofunnar. Aðrir fastir liðir í félagslífi starfsmanna eins og jólaglökk og jólaball voru að venju vel sóttir.


VERKSKRÁNINGARKERFI

Hagstofan innleiddi verksskráningarkerfi í maí en það hafði staðið til um nokkurt skeið. Í fyrirtækjum af þeirri stærð sem Hagstofan er, þar sem unnin eru

margþætt verkefni, getur reynst erfitt að fá góða yfirsýn yfir það hvaða tíma er varið til einstakra verkefna. Verkbókhaldið veitir slíkar upplýsingar og auðveldar þannig stjórnendum að taka ákvarðanir og gera áætlanir um verkefni og kostnað við þau. Á heildina litið tókst innleiðing verkbókhaldsins vel og starfsfólk Hagstofunnar er almennt séð samviskusamt þegar kemur að því að fylla inn tíma í verkbókhaldið. Á myndritinu hér að neðan má sjá hvernig vinnutíma var varið skipt á helstu verkferli hagskýrslugerðar. ■

Hagstofan innleiddi verksskráningarkerfi á árinu

STARFSEMI HAGSTOFUNNAR SUNDURLIÐUÐ EFTIR VERKFERLUM



Jólasveinn útteildi gjöfum til barnanna á litlu jólinum 21. desember.



Á samarhátíð 1. júlí fengu starfsmenn leiðsögn um tónlistarhúsið Hörpu.

Tölfræði um tölfræði

Aldrei hafa fleiri skoðað vef Hagstofunnar en árið 2008

HAGSTOFA Íslands birtir allar hagtölur á netinu. Notendur geta nú sótt gríðarlegt magn af tölulegum fróðleik um íslenskt samfélag á vef Hagstofunnar. Vefurinn er bæði á íslensku og ensku og hefur notkun enska hlutans vaxið ört síðastliðin ár, sérstaklega í kjölfar efnahagshrunsins í október 2008. Aldrei hafa fleiri skoðað vef Hagstofunnar en árið 2008 þegar gestir voru yfir 300 þúsund.

Notendur eru af öllum toga, til dæmis stjórnvöld, námsmenn, fræðasamfélagið, fjölmiðlar og almenningur.


Hagtölur nýtast stjórnvöldum og fyrirtækjum við ákvarðanir og upplýsingagjöf um íslenskt samfélag.

GAGNASÖFN OG ÚTGEFIN RIT


Á vef Hagstofunnar eru mörg stór gagnasöfn sem notendur geta nálgast af sjálfsdáðum og notað eftir vild. Alls eru um 1.500 íslenskar töflur og svipaður fjöldi af enskum. Fyrirspurnum í gagnasöfnin hefur fjölgað gríðarlega síðustu ár. Sérstaklega má nefna aukinn áhuga á hagtölum um efnahagsmál.

FJÖLDI GESTA Á VEF HAGSTOFUNNAR

Skv. samræmdri vefmælingu Modernusar



FJÖLDI FYRIRSPURNA Í TÖFLUR Á VEF Í FEBRÚAR ÁR HVERT






Húsnaði Hagstofu Íslands, Borgartúni 21a.

Talning niðurhals sýnir jafnframt að rit Hagstofunnar eru sótt á vefinn í ríkum mæli. Á árinu flettu notendur ritum Hagstofunnar 56 þúsund sinnum á vefnum, en öll útgefin rit eru aðgengileg notendum að kostnaðarlausu. Vinsælasta ritið er bæklingurinn *Ísland í tölum* sem Hagstofan hefur gefið út árlega síðastliðin 16 ár.

478 FRÉTTATILKYNNINGAR

Hagstofan gaf út 478 fréttatilkynningar á árinu, 241 íslenska og 237 enskar. Þetta er 7% fækkun frá árinu 2010 sem var metár. Hagstofan birtir fréttatilkynningu nærri hvern virkan dag ársins samkvæmt áætlun sem birt er notendum fyrirfram. 95% allra fréttatilkynninga birtust í samræmi við áætlunina, en það er aukning um 3% frá árinu 2010. ►

Hagstofan birtir fréttatilkynningu nærri hvern dag ársins



Til upplýsingaþjónustu berast að meðaltali um 430 fyrirspurnir mánaðarlega

Á vefnum er notendum boðið að gerast áskrifendur að einstökum efnisflokkum og fá tilkynningu með tölvupósti þegar nýjar fréttir eða nýtt talnaefni er gefið út. Þetta hefur mælst vel fyrir og voru liðlega 3.600 áskrifendur skráðir í lok ársins. Á árinu skráðu sig liðlega 1.300 nýir áskrifendur en 530 afskráðu sig, þ.e. hættu áskrift. Auk fréttáskriftar er notendum boðið að merkja við stakar fréttatilkynningar á birtingaráætlun Hagstofunnar og fá áminningu í tölvupósti þegar þær birtast.

REGLULEGAR ÚTGÁFUR

Ársrit Hagstofunnar, *Landshagir*, kom út í 21. sinn. Eins og getið var um í árs-skýrslunni í fyrra var útliti bókarinnar breytt á tuttugu ára afmælinu og framsetning efnis bætt. Mæltust þær breytingar allar vel fyrir hjá áskrifendum og öðrum notendum. Í ár var fleiri kortum bætt við í samvinnu við Landmælingar Íslands. Þá var bókin boðin til sölu í öllum helstu bókaverslunum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.

Gefin voru út 66 hefti í ritröð *Hagtíðinda*, en það er 14% fækkun frá árinu á undan. Tveir efnisflokkar voru sameinaðir

og útgáfu Hagvísar var hætt í nóvember. Þótt Hagvísar komi ekki lengur út í ritröðinni eru efnahagslegar skammtímatölur birtar áfram á vef Hagstofunnar.

Að þessu sinni gaf Hagstofan út bæklinginn *Ísland í tölum* á ensku einvörðungu. Kom hann út fyrir verslunarmannahelgina og seldist fljótlega upp. Ráðgert er að gefa bæklinginn út fyrr á næsta ári og í stærra upplagi, en mikil eftirspurn er eftir honum í ferðaþjónustu, einkum meðal fararstjóra. Bæklingurinn er jafnframt boðinn til niðurhals á vefnum endurgjaldslaust og er hann vinsælasta skráin sem sótt er á vef Hagstofunnar.

BÓKASAFNS- OG UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Hagstofan hýsir tölfraeðibókasafn sem er opið almenningi á afgreiðslutíma stofnunarinnar. Hægt er að skoða gögn safnsins á staðnum, en þau eru ekki lánuð út nema í millisafnaláni til annarra bókasafna. Starfsemi safnsins hefur verið með svipuðum hætti undanfarin ár. Í safninu eru um 15 þúsund



titlar og eru árlega um 500 ný rit skráð í það. Safnkosturinn byggist að mestu á ritaskiptum við aðrar tölfræðistofnanir.


Upplýsingaþjónustu Hagstofunnar berast um 430 fyrirspurnir að meðaltali á mánuði, en auk þessa berst mikill fjöldi fyrirspurna beint til sérfræðinga.

RANNSÓKNIR OG GAGNASÖFNUN


Hagstofan stendur að umfangsmiklum úrtaksrannsóknnum ár hvert. Vinnu- markaðsrannsókn er framkvæmd allt árið líkt og rannsókn á útgjöldum heimilanna. Í vinnumarkaðsrannsókn eru einstaklingar spurðir um stöðu á vinnumarkaði og liggja svör til grundvallar hagskýrslugerð um vinnumarkaðsmál. Í rannsókn á útgjöldum heimilanna svara einstaklingar til um ►

Hagstofan hýsir tölfræðibókasafn sem er opið almenningi

FJÖLDI ÚTGEFINNA HAGTÍÐINDA



MÉDALFJÖLDI FYRIRSPURNA TIL UPPLÝSINGAÞJÓNUSTU Á MÁNUÐI




Pátttakendur í úrtaksrannsókn um hagi einstaklinga og heimila voru 24 þúsund

nákvæm útgjöld síns heimilis og liggja niðurstöður til grundvallar vísitölu neysluverðs. Þá rannsakar Hagstofan lífsskjör í landinu árlega en lífskjararannsókn gefur meðal annars mikilvægar upplýsingar um tekjudreifingu. Rannsókn á notkun einstaklinga og heimila á upplýsingatækni er einnig framkvæmd árlega, en rannsóknin gefur ýtarlegar upplýsingar um netnotkun landsmanna. Heildarfjöldi pátttakenda í úrtaksrannsóknnum um hagi einstaklinga og heimila var rúmlega 24 þúsund á árinu. Svörun í einstökum rannsóknnum er breytileg, til dæmis var svörun í vinnumarkaðsrannsókn 83,4% árið 2011.

Hagstofan stendur einnig að viðtækri gagnasöfnun meðal fyrirtækja, annarra rekstraraðila og sveitarfélaga, til dæmis fyrir launarannsókn, rannsókn á notkun fyrirtækja á upplýsingatækni, gistiskýrslur, landbúnaðarrannsókn, iðnaðarframleiðsla og þjónustuviðskipti við útlönd. Þessi gagnasöfnun fer að miklu leyti fram rafrænt á vef Hagstofunnar, en sú aðferð við skil á gögnum hefur vaxið mjög undanfarin ár.

Til að draga úr svarbyrði einstaklinga og fyrirtækja leggur Hagstofan áherslu á að nota stjórnsýsluskrár til að afla gagna þar sem þess er kostur. ■

SVARHLUTFALL Í VINNUMARKAÐSRANNSÓKNUM HAGSTOFU 2003–2011



Miðvikudaginn 14. desember komu embættismenn frá efnahags- og viðskiptaráðherra á fund með yfirstjórn Hagstofunnar. Á fundinum kynnti hagstofustjóri stefnumörkun Hagstofunnar 2012–2015 og gerði grein fyrir verkefnum næstu ára.

Afnot af gögnum

TIL að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert og hún birt á vef Hagstofunnar þannig að notendum sé ljóst hvenær tilteknar upplýsingar verða aðgengilegar. Mikil áhersla er lögð á trúnað og fá aðilar utan Hagstofunnar almennt ekki aðgang að gögnum umfram það sem birt er almenningi og öllum er opið á vef Hagstofunnar. Jafnframt fá starfsmenn stofnunarinnar ekki aðgang að upplýsingunum nema þær séu nauðsynlegur hluti af verkefnum þeirra. Sé aðila veittur aðgangur að upplýsingum áður en þær eru birtar er gerð grein fyrir því sérstaklega á vef Hagstofunnar.

TRÚNAÐARGAGNANEFND

Á Hagstofunni starfar trúnaðargagnanefnd sem fjallar um beiðnir sem einkum berast frá vísindamönnum um aðgang að trúnaðargögnum vegna rannsóknarverkefna. Strangar reglur gilda um slíkt aðgengi og er í þeim efnum byggt á verklagsreglum um meðferð trúnaðargagna frá 29. desember 2006, lögum nr. 163/2007 um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lög og reglugerðir um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði (Vísindasiðanefnd), reglugerð þings og ráðs ESB nr. 223/2009 um evrópska

hagskýrslugerð, trúnaðarupplýsingar o.fl., auk verklagsreglna í evrópskri hagskýrslugerð 24. febrúar 2005.

29 ERINDI

Árið 2011 tók trúnaðargagnanefnd til umfjöllunar alls 29 erindi sem henni bárust (37 árið 2010). Flest þeirra vörðuðu aðgengi rannsakenda að upplýsingum úr dánarmeinaskrá vegna vísindaverkefna. Hinn 1. maí 2011 tóku gildi lög nr. 28/2011 sem Alþingi samþykkti 30. mars sama ár og fólu Embætti landlæknis umsjón og ábyrgð á frumritum dánarvottorða sem Hagstofan hafði sinnt fram að þeim tíma. Vegna tæknilegra tafa á tilflutningi verkefnisins, sem almennt nefnist dánarmeinaskrá, til landlæknis veitti hann Hagstofunni skriflega leyfi sem gildi út árið 2011 til að afgangi umsóknir vísindamanna vegna rannsókna sem byggðust á frumgögnum um dánarmein. Alls samþykkti og afgreiddi Hagstofan 17 slíkar umsóknir árið 2011. ■

Til að tryggja jafnan aðgang að upplýsingum er gerð birtingaráætlun ár hvert



Stefnumörkun

Stefnunni er ætlað að vera leiðarvísir um þróun starfsins næstu árin

Í október 2011 samþykkti yfirstjórn Hagstofunnar stefnumörkun fyrir árin 2012 til 2015. Stefnumörkunin var kynnt á stafsmananafundi 1. desember sama ár og taldist vinnu við hana þá formlega lokið.

VÍÐTÆKT SAMRÁÐ

Við gerð stefnumörkunarinnar var leitað til starfsmanna og fundað með notendum hagtalna um þarfir þeirra. Starfsmenn unnu í vinnuhópum að stefnumörkuninni og haldnir voru almennir starfsmannafundir um framgang verksins. Lögð var áhersla á samráð og kynningu í öllu ferlinu og niðurstöður funda voru birtar á innri vef þar sem einnig gafst kostur á að koma með tillögur og athugasemdir. Ráðgjafafyrirtækið Stjórnhættir hélt utan um verkefnið og stjórnaði flestum fundum og dró saman niðurstöður.

SVEIGJANLEGT TÆKI

Hér á opnunni birtast niðurstöður stefnumörkunarinnar með hlutverki, gildum og framtíðarsýn Hagstofunnar. Sett eru fram sex markmið og fjórar aðgerðir með hverju þeirra sem stuðla eiga að því að þeim verði náð. Aðgerðirnar eru ýtarlegar útfærðar með árangursmælikvörðum í sérstökum skjölum sem verða endurskoðuð eftir framgangi verkefna. Stefnunni er ætlað að vera leiðarvísir um þróun starfsins næstu árin og yfirlýsing til notenda og hagsmunaaðila um eflda og bætta þjónustu. Stefnumörkunin er ekki nákvæm áætlun, heldur sveigjanlegt tæki sem er á ábyrgð yfirstjórnar Hagstofunnar að hrinda í framkvæmd og aðlaga til að markmið og framtíðarsýn náist. ■

HLUTVERK

Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem gegnir forystuhlutverki á sínu sviði, samhæfir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi og er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Hagstofan sinnir rannsóknum og safnar, vinnur og miðlar áreiðanlegum hagtölum sem lýsa samfélaginu. Stofnunin stuðlar að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum með því að tryggja öllum sama aðgang að upplýsingum.

GILDI

Óhlutdrægni, faglegur metnaður, trúnaður og góð þjónusta eru leiðarljós starfsfólks Hagstofunnar.

FRAMTÍÐARSÝN

Hagstofan gegnir forystuhlutverki í opinberri hagskýrslugerð og hefur frumkvæði að samstarfi við aðrar stofnanir og fyrirtæki.


Hagstofan er í fararbroddi um samhæfingu upplýsingakerfa sem tengjast hagskýrslugerð, hún kappkostar að einfalda söfnun gagna og beitir traustum rafrænum aðferðum með hóflega svarbyrði að leiðarljósi.

Hagstofan leggur áherslu á góða þjónustu og hæfni þar sem gæði og skilvirkni eru í stöðugri þróun til að mæta vaxandi kröfum, innlendum jafnt sem alþjóðlegum.


Hagstofan leggur áherslu á rafræna miðlun upplýsinga og notendavæna framsetningu þeirra.

Hagstofan er virkur þátttakandi í alþjóðlegu starfi og stenst kröfur evrópska hagskýrslusamstarfsins.

Hagstofan býður gott starfsumhverfi, áhuga-verð viðfangsefni og faglegar áskoranir og styður starfsmenn í að viðhalda og bæta við þekkingu sína og hæfni.



Óhlutdrægni
Faglegur metnaður
Trúnaður
Góð þjónusta



MARKMIÐ

1. Að efla frumkvæði og forystu á sviði hagskýrslugerðar.
2. Að efla notendavæna miðlun upplýsinga.
3. Að efla gæði og stjórnun.
4. Að fjölga fjármögnunarleiðum og bæta gagnsæi kostnaðar.
5. Að standa jafnfætis erlendum samstarfsstofnunum og uppfylla kröfur EES-samningsins.
6. Að efla hæfni og þekkingu starfsmanna og laða að hæft starfsfólk.

AÐGERÐIR

- 1.1 Auka samstarf við opinberar hagskýrslustofnanir á Íslandi og samræma starfshætti.
- 1.2 Efla notenda- og ráðgjafarhópa og skýra hlutverk þeirra.
- 1.3 Móta markvissa kynningarstefnu.
- 1.4 Stuðla að auknu alþjóðlegu samstarfi.
- 2.1 Bæta notendaviðmót, uppbyggingu vefja og auka myndræna framsetningu.
- 2.2 Auka samfellu í upplýsingum.
- 2.3 Hafa frumkvæði að samræmdri framsetningu á opinberum hagtölum á vefnum.
- 2.4 Móta framtíðarsýn í upplýsingatæknimálum.
- 3.1 Endurmeta, samræma og auka hagkvæmni verkferla.
- 3.2 Endurmeta stjórnun og skýra hlutverk og ábyrgð stjórnenda.
- 3.3 Byggja upp gæðastjórnunarkerfi.
- 3.4 Koma á áhættugreiningu og -stýringu ásamt viðbragðsáætlun vegna áfalla.
- 4.1 Bæta forgangsröðun eftir faglegum og rekstrarlegum viðmiðum.
- 4.2 Móta stefnu um þjónustutekjur.
- 4.3 Kostnaðargreina verkefni.
- 4.4 Fjölga samstarfsverkefnum og styrkumsóknum.
- 5.1 Endurbæta gerð þjóðhagsreikninga.
- 5.2 Framleiða landbúnaðartölfræði.
- 5.3 Efla tölfræði um fyrirtæki, vinnutíma og framleiðni ásamt skammtímatölfræði.
- 5.4 Gera skráarbundið manntal.
- 6.1 Koma á starfsþróunarstefnu sem fylgt verður eftir.
- 6.2 Próa launastefnu.
- 6.3 Koma á mælingum á viðhorfum starfsmanna til vinnustaðarins og starfskjara.
- 6.4 Bæta samráð og upplýsingaflæði.


Lög ESB um hagskýrslur

Frá gildistöku EES-samningsins hafa 356 lagagerðir sem varða hagskýrslugerð tekið gildi á grundvelli hans

ÁRIÐ 2011 samþykkti þing og ráð Evrópusambandsins (ESB) tvær hagskýrslugerðir, en framkvæmdastjórnin samþykkti það ár 10 gerðir, samtals 12 gerðir sem verða hluti EES-samningsins. „Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá ESB. Frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) tók gildi í upphafi árs 1994 hafa verið teknar í Viðbæti XXI við samninginn alls 356 hagskýrslugerðir að meðtöldum þeim gerðum sem tóku gildi við upphaf hans.

Taflan sem hér fylgir sýnir yfirlit yfir þær hagskýrslugerðir Evrópusambandsins sem samþykktar voru árið 2011 og eru bindandi á Evrópska efnahagssvæðinu. Þegar gerðir ESB hafa verið samþykktar eru þær teknar upp í EES-samninginn. Gerðirnar eru annars vegar samþykktar af þingi og ráði ESB og hins vegar af framkvæmdastjórn ESB. Þær gerðir sem framkvæmdastjórn ESB samþykkir eru oftast nánari útfærsla á framkvæmd laga sem þingið og ráðið hefur samþykkt. ■

FJÖLDI ESB-GERÐA SEM TÓKU GILDI ÁR HVERT 1993–2011



NÝJAR EES/ESB-GERÐIR Í HAGSKÝRSLUGERÐ ÁRIÐ 2011

	Númer ESB-lagatexta	
Efnahagsmál		
Hagtölur um mjólk og mjólkurafurðir	142/2011	CD
Gæðaeftirlit við útreikning á jafnvirðisgildum (e. <i>Purchasing Power Parities</i>)	193/2011	CR
Hagtölur um ferðaþjónustu. Endurskoðaður lagagrundvöllur	692/2011	PCR
Hagtölur um upplýsingasamfélagið	937/2011	CR
Hagtölur um ferðaþjónustu	1051/2011	CR
Félagsmál		
Hagtölur um símenntun	88/2011	CR
Hagtölur um félagsvernd (e. <i>social protection</i>); útgjalda- og tekjustraumar hjá lífeyrisþegum o.fl.	110/2011	CR
Hagtölur um félagsvernd (e. <i>social protection</i>); einkum varðandi nettó-útgjöld	263/2011	CR
Hagtölur um dánarorsakir og atriði þeim viðkomandi	328/2011	CR
Hagtölur um vinnuslys	349/2011	CR
Umhverfismál		
Hagtölur um skordýraeitur	408/2011	CR
Hagtölur um umhverfisreikninga (e. <i>environmental economic accounts</i>)	691/2011	PCR

CR = Reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
 CD = Ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
 PCR = Reglugerð þings/ráðs Evrópusambandsins

„Gerðir“ er samheiti yfir tilskipanir, reglugerðir, ákvarðanir og tilmæli og aðrar reglur frá Evrópusambandinu

Skipurit

Hagstofustjóri, sviðs- stjórar, starfsmannastjóri og fjármálastjóri mynda yfir- stjórn Hagstofunnar

HAGSTOFA Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar í landinu og vinnur að söfnun gagna, úrvinnslu og birtingu tölfraðilegra upplýsinga um landshagi Íslands og þjóðfélagsleg málefni. Hagstofan skiptist í þrjú svið, efnahagssvið, félagsmálasvið og þjónustu- og þróunarsvið, auk yfirstjórnar.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri. Rekstur og fjármál heyra beint undir hann ásamt starfsmannahaldi og fræðslumálum. Þá heyrir rannsóknadeild undir hann en hún var stofnuð 2009.

EFNAHAGSSVIÐ

Á efnahagssviði starfar framleiðslu- og fyrirtækjadeild að hagskýrslugerð um fyrirtæki, afla, iðnaðarframleiðslu, ferðamannaiðnað, notkun upplýsingatækni og fleira. Utanríkisverslunardeild starfar að söfnun og úrvinnslu gagna um þjónustuviðskipti og vöruviðskipti við útlönd og gefur út vöruskiptajöfnuð og þjónustujöfnuð við útlönd. Vísitöludeild vinnur vísitölu neysluverðs, vísitölu byggingarkostnaðar, vísitölu framleiðsluverðs og skyldar verðvísitölur. Þá sér deildin um alþjóðlegan verðsamanburð (PPP) og frágang og útgáfu á niðurstöðum úr útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Deild um þjóðhagsreikninga vinnur að framleiðslu- og ráðstöfunaruppgjöri þjóðhagsreikninga, gerð ársfjórðungsreikninga og tekjuathugunum. Deild um opinber fjármál vinnur að gerð hagvísu og annast hagskýrslugerð um búskap hins opinbera og tekjuskiptingu. Rósmundur Guðnason er sviðsstjóri efnahagssviðs.


FÉLAGSMÁLASVIÐ

Á félagsmálasviði starfar atvinnu- og félagsmáladeild að hagskýrslugerð um vinnumarkað, lífskjör og félagsmál, heilbrigðismál, stöðu kynja. Launa- og kjaramáladeild annast söfnun og úrvinnslu gagna um kaup og kjör og launakostnað. Mannfjölda- og manntalsdeild annast skýrslugerð um mannfjölda-ann og breytingar hans. Mennta- og menningarmáladeild safnar og vinnur úr gögnum um nemendur og skólamál, menningarmál og fjölmiðla. Magnús S. Magnússon er sviðsstjóri félagsmálasviðs og er hann jafnframt staðgengill hagstofustjóra.

ÞJÓNUSTU- OG ÞRÓUNARSVIÐ

Þjónustu- og þróunarsvið fæst við ýmis verkefni sem tengjast allri starfsemi Hagstofunnar. Tvær deildir heyra undir sviðið. Upplýsingatækni og miðlun annast útgáfumál, upplýsingagjöf, miðlun og birtingar á vef, svo og vefi Hagstofunnar og fer jafnframt með allt er snertir tölvukerfi og hugbúnað Hagstofunnar. Rannsóknir og gagnasöfnun vinnur, eins og nafnið bendir til, að framkvæmd rannsókna og annarri gagnasöfnun. Innan sviðsins er enn fremur unnið að ýmsum þróunarmálum sem varða meðal annars hugbúnað, staðla, flokkunarkerfi og gæðamál. Hrafnhildur Arnkelsdóttir er sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Hagstofustjóri, sviðsstjórar, starfsmannastjóri og fjármálastjóri mynda yfirstjórn Hagstofunnar. ■





Hagtíðindi

Árið 2011 var 96. árgangur HAGTÍÐINDA. Gefin voru út 66 hefti (sjá hér á opnunni). Tveir efnisflokkar voru sameinaðir í einn, *Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni*, og útgáfu *Hagvísu* var hætt í nóvember. Að meðaltali kemur út eitt hefti af Hagtíðindum í viku hverri allt árið um kring. Heftin eru öll gefin út rafrænt á vef Hagstofunnar endurgjaldslaut en þau má einnig kaupa á prenti við vægu gjaldi. Notendum er boðið að kaupa áskrift að Hagtíðindum og má ganga frá kaupunum á vefnum.

→ <http://hagstofa.is/Hagtidindi>

LAUN, TEKJUR OG VINNUMARKAÐUR

Vinnumarkaður á 4. ársfjórðungi 2010
12 bls.
Útgefið 19. janúar 2011
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2010:1
Hagtíðindi 96. árg. 3. tbl.

Lágtekjumörk og tekjudreifing 2010
28 bls.
Útgefið 24. febrúar 2011
Umsjón: Steinn Kári Steinsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:2
Hagtíðindi 96. árg. 8. tbl.

Vinnumarkaður 2010
28 bls.
Útgefið 28. febrúar 2011
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:3
Hagtíðindi 96. árg. 10. tbl.

Laun á almennum vinnumarkaði 2010
40 bls.
Útgefið 30. mars 2011
Umsjón: Margrét Vala Gylfadóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:4
Hagtíðindi 96. árg. 19. tbl.

Vísitala launa 2010
16 bls.
Útgefið 31. mars 2011
Umsjón: Ragnheiður Valgarðsdóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:5
Hagtíðindi 96. árg. 20. tbl.

Launakostnaður 2008
28 bls.
Útgefið 18. apríl 2011
Umsjón: Anna Sigríður Halldórsdóttir
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:6
Hagtíðindi 96. árg. 27. tbl.

Vinnumarkaður á 1. ársfjórðungi 2011
12 bls.
Útgefið 20. apríl 2011
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:7
Hagtíðindi 96. árg. 28. tbl.

Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2011
12 bls.
Útgefið 20. júlí 2011
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:8
Hagtíðindi 96. árg. 41. tbl.

Vinnumarkaður á 3. ársfjórðungi 2011
12 bls.
Útgefið 19. október 2011
Umsjón: Ólafur Már Sigurðsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:9
Hagtíðindi 96. árg. 56. tbl.

Fjárhagsstaða heimilanna 2011
16 bls.
Útgefið 28. október 2011
Umsjón: Steinn Kári Steinsson, Lárus Blöndal
Laun, tekjur og vinnumarkaður 2011:10
Hagtíðindi 96. árg. 57. tbl.

VERÐLAG OG NEYSLA

Vísitala neysluverðs 2010–2011
12 bls.
Útgefið 4. nóvember 2011
Umsjón: Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Lára Guðlaug Jónasdóttir
Verðlag og neysla 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 60. tbl.

Rannsókn á útgjöldum heimilanna 2008–2010
44 bls.
Útgefið 9. desember 2011
Umsjón: Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir, Finn-
bogi Gunnarsson, Lára Guðlaug Jónasdóttir
Verðlag og neysla 2011:2
Hagtíðindi 96. árg. 65. tbl.

MANNFJÖLDI

Mannfjöldapróun 2010
24 bls.
Útgefið 29. mars 2011
Umsjón: Ómar Harðarson
Mannfjöldi 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 18. tbl.

SJÁVARÚTVEGUR

Hagur fiskveiða og fiskvinnslu 2009
16 bls.
Útgefið 28. janúar 2011
Umsjón: Gyða Þórðardóttir
Sjávarútvegur 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 5. tbl.

Fiskisþapastóllinn í árslok 2010
16 bls.
Útgefið 25. febrúar 2011
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2011:2
Hagtíðindi 96. árg. 9. tbl.

Útflutningur og útflutningsframleiðsla sjávarafurða 2010
24 bls.
Útgefið 18. maí 2011
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2011:3
Hagtíðindi 96. árg. 31. tbl.

Afli, aflaverðmæti og ráðstöfun afla 2010
52 bls.
Útgefið 30. ágúst 2011
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2011:4
Hagtíðindi 96. árg. 44. tbl.

Innflutt hráefni til fiskvinnslu 2010
16 bls.
Útgefið 3. október 2011
Umsjón: Guðmundur Sigfinnsson
Sjávarútvegur 2011:5
Hagtíðindi 96. árg. 53. tbl.

IÐNAÐUR

Verðmæti seldra framleiðsluvara 2010
8 bls.
Útgefið 4. júlí 2011
Umsjón: Stefán Sigurðsson
Iðnaður 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 37. tbl.

FERÐAMÁL, SAMGÖNGUR OG UPPLÝSINGATÆKNI

Gistiskýrslur 2010
36 bls.
Útgefið 28. mars 2011
Umsjón: Hildur Kristjánsdóttir
Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 17. tbl.

Tölvu- og netnotkun einstaklinga 2011
24 bls.
Útgefið 6. september 2011
Umsjón: Árni Fannar Sigurðsson
Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni 2011:2
Hagtíðindi 96. árg. 45. tbl.

Ferðaþjónustureikningar 2009–2011
28 bls.
Útgefið 15. desember 2011
Umsjón: Vilborg H. Júlíusdóttir
Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni 2011:3
Hagtíðindi 96. árg. 66. tbl.

UTANRÍKISVERSLUN

Vöruviðskipti við útlönd 2010
28 bls.
Útgefið 15. apríl 2011
Umsjón: Auður Ólína Svavarsdóttir
Útanríkisverslun 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 25. tbl.

HEILBRIGÐIS-, FÉLAGS- OG DÓMSMÁL

Félagsþjónusta sveitarfélaga 2008–2010
12 bls.
Útgefið 27. maí 2011
Umsjón: Kristinn Karlsson
Heilbrigðis-, félags- og dómsmál 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 32. tbl.

SKÓLAMÁL

Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010
28 bls.
Útgefið 21. janúar 2011
Umsjón: Konráð Ásgrímsson, Ásta M. Urbancic
Skólamál 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 4. tbl.

KOSNINGAR

Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl 2011
20 bls.
Útgefið 13. september 2011
Umsjón: Sigríður Vilhjálmsdóttir
Kosningar 2011:1
Hagtíðindi 96. árg. 52. tbl.



Landshagir 2011

Árbók Hagstofunnar, LANDSHAGIR, kom út í 21. sinn árið 2011. Ritið er 464 blaðsíður og skiptist í 23 kafla og í því eru yfir 300 töflur og 50 gröf og skýringarmyndir. Bókin er bæði á íslensku og ensku. Kaupa má ritið á vef Hagstofu Íslands.

→ <http://hagstofa.is/Landshagir>



Iceland in Figures 2011

Ísland í tölum er lítill bæklingur sem Hagstofan hefur gefið út árlega síðastliðin 16 ár. Að þessu sinni var hann eingöngu gefinn út á ensku. Í honum eru ýmsar lykiltölur um land og þjóð og hefur verið mikil eftirspurn eftir honum í ferðaþjónustu, einkum meðal leiðsögunna. Bæklingurinn seldist upp.

ÞJÓÐHAGSREIKNINGAR

Landsframleiðslan 2010

16 bls.
Útgefið 8. mars 2011
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2011:1
Hagtiðindi 96. árg. 13. tbl.

Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2010

12 bls.
Útgefið 8. mars 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2011:2
Hagtiðindi 96. árg. 14. tbl.

Fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2010

16 bls.
Útgefið 9. mars 2011
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2011:3
Hagtiðindi 96. árg. 15. tbl.

Fjármál hins opinbera 2010, bráðabirgðauppgjör

44 bls.
Útgefið 14. mars 2011
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2011:4
Hagtiðindi 96. árg. 16. tbl.

Þjóðhagsspá 2011–2016

20 bls.
Útgefið 4. apríl 2011
Umsjón: Björn Ragnar Björnsson, Eliisa Kaloinen, Marínó Melsted
Þjóðhagsreikningar 2011:5
Hagtiðindi 96. árg. 21. tbl.

Heilbrigðisútgjöld á Íslandi 1998–2010

52 bls.
Útgefið 14. apríl 2011
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2011:6
Hagtiðindi 96. árg. 24. tbl.

Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2011

12 bls.
Útgefið 8. júní 2011
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2011:7
Hagtiðindi 96. árg. 35. tbl.

Fjármál hins opinbera á 1. ársfjórðungi 2011

16 bls.
Útgefið 9. júní 2011
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2011:8
Hagtiðindi 96. árg. 36. tbl.

Þjóðhagsspá, sumar 2011

20 bls.
Útgefið 8. júlí 2011
Umsjón: Björn Ragnar Björnsson, Eliisa Kaloinen, Marínó Melsted
Þjóðhagsreikningar 2011:9
Hagtiðindi 96. árg. 40. tbl.

Landsframleiðslan 2010 — endurskoðun

16 bls.
Útgefið 8. september 2011
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2011:10
Hagtiðindi 96. árg. 46. tbl.

Landsframleiðslan á 2. ársfjórðungi 2011

12 bls.
Útgefið 8. september 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2011:11
Hagtiðindi 96. árg. 47. tbl.

Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2011

16 bls.
Útgefið 9. september 2011
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2011:12
Hagtiðindi 96. árg. 48. tbl.

Fjármál hins opinbera 2010

44 bls.
Útgefið 12. september 2011
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2011:13
Hagtiðindi 96. árg. 49. tbl.

Útgjöld til fræðslumála á Íslandi 1998–2010

32 bls.
Útgefið 10. nóvember 2011
Umsjón: Guðrún Eggertsdóttir
Þjóðhagsreikningar 2011:14
Hagtiðindi 96. árg. 61. tbl.

Þjóðhagsspá, vetur 2011

20 bls.
Útgefið 24. nóvember 2011
Umsjón: Björn Ragnar Björnsson, Eliisa Kaloinen, Marínó Melsted
Þjóðhagsreikningar 2011:15
Hagtiðindi 96. árg. 62. tbl.

Landsframleiðslan á 3. ársfjórðungi 2011

12 bls.
Útgefið 7. desember 2011
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Þjóðhagsreikningar 2011:16
Hagtiðindi 96. árg. 63. tbl.

Fjármál hins opinbera á 3. ársfjórðungi 2011

16 bls.
Útgefið 8. desember 2011
Umsjón: Jóhann Rúnar Björgvinsson
Þjóðhagsreikningar 2011:17
Hagtiðindi 96. árg. 64. tbl.

HAGVÍSAR

Hagvísar í janúar 2011

12 bls.
Útgefið 7. janúar 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:1
Hagtiðindi 96. árg. 1. tbl.

Hagvísar í febrúar 2011

12 bls.
Útgefið 4. febrúar 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:2
Hagtiðindi 96. árg. 6. tbl.

Hagvísar í mars 2011

12 bls.
Útgefið 4. mars 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:3
Hagtiðindi 96. árg. 11. tbl.

Hagvísar í apríl 2011

12 bls.
Útgefið 11. apríl 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:4
Hagtiðindi 96. árg. 22. tbl.

Hagvísar í maí 2011

12 bls.
Útgefið 5. maí 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:5
Hagtiðindi 96. árg. 29. tbl.

Hagvísar í júní 2011

12 bls.
Útgefið 6. júní 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:6
Hagtiðindi 96. árg. 33. tbl.

Hagvísar í júlí 2011

12 bls.
Útgefið 6. júlí 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:7
Hagtiðindi 96. árg. 38. tbl.

Hagvísar í ágúst 2011

12 bls.
Útgefið 5. ágúst 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:8
Hagtiðindi 96. árg. 42. tbl.

Hagvísar í september 2011

12 bls.
Útgefið 12. september 2011
Umsjón: Guðrún Þórdís Guðmundsdóttir
Hagvísar 2011:9
Hagtiðindi 96. árg. 50. tbl.

Hagvísar í október 2011

12 bls.
Útgefið 6. október 2011
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Hagvísar 2011:10
Hagtiðindi 96. árg. 54. tbl.

Hagvísar í nóvember 2011

12 bls.
Útgefið 4. nóvember 2011
Umsjón: Stefán Þór Jansen
Hagvísar 2011:11
Hagtiðindi 96. árg. 58. tbl.



HAGSTOFA ÍSLANDS





Hagstofa Íslands

BORGARTÚNI 21A | 150 REYKJAVÍK | SÍMI: 528 1000 | UPPLYSINGAR@HAGSTOFA.IS | WWW.HAGSTOFA.IS